

AUGLÝSING

Skrá yfir þau störf sem eru undanskilin verkfallsheimild, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna með síðari breytingum, en falla undir 3.-8. tölulið 1. mgr. Um er að ræða öryggismönnun á hverri deild fyrir sig svo hægt sé tryggja að íbúar og þjónustuþegar á Hrafnistu fái viðeigandi hjúkrun, heilbrigðisþjónustu og að öryggi þeirra sé tryggt.

Mönnun sérhæfðs starfsfólks í eldhúsi í verkfalli

	Mönnun í verkfalli		
	Dagvakt	Kvöldvakt	Næturvakt
Eldhús			
Matreiðslumaður	3		
Matartæknir	1		
Samtals	4		

Skráin öðlast gildi frá birtingu auglýsingar

Reykjavík, 15. janúar 2026

María Fjóla Harðardóttir
Forstjóri Hrafnistu

Rökstuðningur fyrir mönnun komi til verkfalls

Hlutverk hjúkrunarheimila er að búa einstaklingum, sem ekki geta dvalið á eigin heimili með viðeigandi stuðningi, dvöl og aðstoð við athafnir daglegs lífs og veita þeim viðeigandi heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þegar lífslok nálgast er það einnig hlutverk hjúkrunarheimila að veita líknandi meðferð og meðferð við lífslok. Þjónustan skal byggjast á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum íbúans og miða að því að mæta þörfum hans og stuðla að bestu mögulegu lífsgæðum, sjá lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Meginviðfangsefni hjúkrunarheimila er að veita langtímahjúkrun, aðhlynningu og umönnun og félagslegan stuðning á faglegan og ábyrgan hátt af umhyggju og virðingu fyrir íbúa og fjölskyldu hans.

Til vistunar á Hrafnistuheimilunum þarf hver íbúi að hafa verið metinn af færni- og heilsumatsnefnd um þörf á þeirri hjúkrun sem þar er veitt. Íbúar á Hrafnistuheimilunum eru margir fjölveikir, bráðveikir, hreyfiskertir, heilablaðir, með skert innsæi á eigið öryggi og jafnvel á líknandi meðferð og þurfa sólarhrings hjúkrun og fjölþætta umönnun.

Að þeim sökum er afar brýnt að undanþága sé veitt fyrir umbeðin störf sérhæfðs starfsfólks í eldhúsi til að hægt verði að tryggja að íbúar fái þá næringu sem tryggir heilbrigði íbúar á Hrafnistuheimilunum.

Óskað er eftir rökstuddum athugasemdum / samþykki Sameykis á þessum tillögum.